

**84. fundur Hafnarstjórnar Fjallabyggðar  
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði  
mánudaginn 26. september 2016 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Haukur Kárason, formaður, S lista  
Hilmar Þór Zophoníasson, varaformaður, F lista  
Gunnlaugur Oddsson, aðalmaður, F lista  
Ásgeir Logi Ásgeirsson, aðalmaður, D lista  
Sverrir Sveinsson, áheyrnarfulltrúi, B lista  
Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri  
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar  
Þorbjörn Sigurðsson, yfirhafnarvörður

**Fundargerð ritaði:** Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. 1602026 - Aflatölur og aflagöld 2016**

Afli í höfnum Fjallabyggðar 1/1 til 26/9 2016 og samanburður við sama tíma 2015.

2016 Siglufjörður 14150tonn í 1687 löndunum.  
Ólafsfjörður 449tonn í 484 löndunum.

2015 Siglufjörður 15834tonn í 1988 löndunum.  
2015 Ólafsfjörður 491tonn í 533 löndunum.

Aflinn er 1726 tonnum minni 2016 en á sama tíma 2015 í höfnum Fjallabyggðar.

**2. 1410017 - Fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018**

Lögð fram til kynningar breytingartillaga meirihluta samgöngunefndar á samgönguáætlun 2015 - 2018.

Hafnarstjórn fagnar framkomnum tillögum í samgönguáætlun 2015 - 2018, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir 320 milljónum (án vsk) frá Hafnarbótasjóði til endurbyggingar Bæjarbryggju.

**3. 1609080 - Vígsla Bæjarbryggjunnar á Siglufirði**

Vígsla Bæjarbryggjunnar á Siglufirði verður föstudaginn 30. september 2016 kl. 16:00. Hafnarstjóri fór yfir dagskrá og fréttatilkynningu.

Hafnarstjórn fagnar þessum áfanga og vonar að sem flestir sjái sér fært að fagna þessum áfanga með okkur.

**4. 1505028 - Endurbygging Bæjarbryggju á Siglufirði**

Hafnarstjóri fór yfir dýpkunarframkvæmdir við Bæjarbryggju og innsiglingu en þeim er lokið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50.**